

# **Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um heiðursviðurkenningar**

## **1. gr. Almenn**

Samkvæmt 19. gr.laga KRAFT skal stjórn skipa Heiðursmerkjanefnd og skal kjósa formann nefndarinnar á kraftlyftingafingi.

Skipa skal nefndina til tveggja ára í senn og í henni skulu sitja þrjú einstaklingar sem hafa góða yfirsýn yfir sögu og starf sambandsins.

Heiðursmerkjanefnd gerir tillögu að veitingum viðurkenninga til þeirra sem hún telur verðskulda hana.

Rétt til ábendinga um veitingu heiðursmerkja hafa einstakir stjórnarmenn KRAFT, stjórnir aðildarféлага og nefndarmenn KRAFT. Tillögum skal fylgja nákvæm skilgreining á störfum viðkomandi og starfsferill innan kraftlyftingahreyfingarinnar.

## **2. gr. Viðurkenningar**

Heiðursviðurkenningar KRAFT eru:

### **Gullmerki KRAFT**

Merki þetta er merki KRAFT og er veitt af stjórn sambandsins. Aðeins má veita merkið að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar.

Gullmerki KRAFT má veita þeim, sem hafa starfað að málefnum kraftlyftinga hjá KRAFT eða aðildarfélögum KRAFT í 10 ár hið minnsta.

Þó getur stjórn KRAFT að fenginni tillögu heiðursmerkjanefndar sæmt menn gullmerki ef sérstök ástæða þykir, án þess að 10 ára starfi sé náð. Einnig má sæma menn gullmerki eftir sérstaklega glæsilegan feril sem keppandi.

### **Heiðursformennska.**

Kraftlyftingafing má kjósa heiðursformann KRAFT ef 4/5 mættu þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformenn KRAFT hafa rétt til setu á kraftlyftingafingum og hafa þar málfrelsi.

Heiðursformenn KRAFT koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

## **3.gr. Afhending**

Formaður stjórnar KRAFT skal afhenda heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaformaður eða framkvæmdastjóri eða aðrir þeir sem stjórn ákveður. Að öllu jöfnu skal afhending eiga sér stað á kraftlyftingafingi.

Stjórn KRAFT skal halda skrá um allar heiðursviðurkenningar og skal hún vera aðgengileg á kraft.is.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 24.mars 2019